

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um förgun eiturefna frá Hellisheiðarvirkjun.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hvaða eiturefni og önnur mengandi efni falla til við orkuvinnslu í Hellisheiðarvirkjun og hvert er magn þeirra hvers um sig við framleiðslu yfir heilt ár?
2. Hversu stórum hluta þessara eiturefna er fargað með því að dæla vatni menguðu af eiturefnum og öðrum mengandi efnum í jörðu?
3. Hvaða rannsóknir, þar á meðal rennslismælingar, liggja því til grundvallar að beita þessari aðferð við förgun umræddra eiturefna?
4. Hvernig er háttað eftirliti opinberra aðila með starfsemi með tilliti til mengunarvarna?
5. Er til áhættumat um förgun eiturefna sem falla til við starfsemi virkjunarinnar og er það endurnýjað reglulega? Hverjar eru niðurstöður nýjasta mats af því tagi?
6. Liggur fyrir viðbragðsáætlun sem gerð er í ljósi áhættumats? Hverjar eru skyldur og ábyrgð einstakra aðila sem að málinu koma?
7. Hefur verið könnuð hagkvæmni þess að farga eiturefnum á annan hátt en með niðurdælingu til þess að fyrirbyggja hættu á mengun vatnsbóla á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins í grennd við virkjunina?
8. Telur ráðherra samrýmast vatnsverndarsjónarmiðum að dæla í jörð vatni frá Hellisheiðarvirkjun menguðu af eiturefnum og öðrum mengandi efnum í ljósi nálægðar við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins? Hver er rökstuðningurinn fyrir álit ráðherra?

Skriflegt svar óskast.